

STOFNSAMNINGUR

SORPU bs.

1. NAFN, HEIMILI OG TILGANGUR

1. gr.

Byggðasamlagið heitir SORPA bs sem stendur fyrir Sorpeyðingu höfuðborgarsvæðisins byggðasamlag. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík. Það er stofnað í samræmi við ákvæði IX. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 með síðari breytingum (nr 45/1998) um samvinnu sveitarfélaga við framkvæmd einstakra verkefna.

2. gr.

Tilgangur byggðasamlagsins er að annast meðhöndlun úrgangs sbr lög nr 55 / 2003 fyrir sjö sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu, sem öll eru stofnaðilar að því. Verkefni byggðasamlagsins fela m.a. í sér eftirfarandi:

- a) Að útvega og starfrækja urðunarstað fyrir sorp.
- b) Byggja og reka móttökustöðvar.
- c) Flutninga á sorpi frá móttökustöðvum.
- d) Framleiðslu og sölu á eldsneyti og orku úr sorpi eftir því sem hagkvæmt þykir.
- e) Vinnslu og sölu á efnum úr sorpi til endurnýtingar eftir því sem hagkvæmt þykir.
- f) Samstarf og viðskipti við fyrirtæki er starfa á sviði endurvinnslu úrgangsefna eftir því sem hagkvæmt þykir.
- g) Að fylgjast með tækniþróun á sviði sorpeyðingar og endurvinnslu.
- h) Að sjá um eyðingu hættulegra úrgangsefna.
- i) Að þróa nýjar aðferðir til þess að vinna verðmæti úr úrgangsefnum.
- j) Að sinna kynningu á verkefnum SORPU og gildi umhverfissjónarmiða við meðhöndlun sorps.
- k) Gera svæðisáætlanir sbr. lagakröfur hverju sinni.
- l) Önnur verkefni sem aðildarfélögin fela byggðasamlaginu sérstaklega.

3.gr.

Stofnendur byggðasamlagsins eru eftirtalin sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu og hafa þau lagt fram stofnfé á undanförunum árum sem hér kemur fram miðað við 31. desember 2003.

Reykjavík	kr. 347.104.750	66,25 %
Hafnarfjörður	kr. 56.534.608	10,79 %
Garðabær	kr. 24.890.672	4,75 %
Bessastaðahreppur	kr. 3.937.938	0,75 %
Kópavogur	kr. 60.581.907	11,57 %
Seltjarnarnes	kr. 14.727.356	2,81 %
Mosfellsbær	kr. 16.109.040	3,08 %
Samtals	kr. 523.886.271	

Verði viðbótarframlög ákveðin skulu þau greidd hlutfallslega miðað við íbúatölu aðildarsveitarfélaga hinn 1. desember næstan á undan greiðsludegi.

Samþykki aðildarfélögin aðkomu fleiri sveitarfélaga að byggðasamlaginu greiða þau stofnfé til jafns við núverandi aðildarfélög (þ.e innborgað stofnfé pr. íbúa miðað við síðasta fyrirbyggjandi ársuppgjör) og yfirtaka ábyrgðir í samræmi við 11. grein.

Af greiddu stofnfé til rekstrar skulu eigendur eiga rétt á arðgreiðslu annað hvort í formi afsláttar af viðskiptum og/eða sem tiltekið hlutfall af greiddu stofnfé.

Ákvörðun um greiðslu arðs tekur stjórn byggðasamlagsins á sama tíma og afgreiðsla ársreiknings fer fram.

III. STJÓRNSKIPULAG.

4.gr.

Stjórn byggðasamlagsins er skipuð einum fulltrúa og einum til vara frá hverju aðildarsveitarfélagi og skal hann vera aðalmaður í sveitarstjórn eða framkvæmdastjóri sveitarfélags. Sömu skilyrði gilda um varamenn sem hver sveitarstjórn tilnefnir.

Kjörtímabil stjórnar er til tveggja ára frá upphafi kjörtímabils sveitarstjórna. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum og skal formennska skiptast á milli aðildarfélaganna.

Stjórnarmenn fara með hlutfallslegt atkvæðavægi í samræmi við íbúafjölda þess sveitarfélags sem þeir eru fulltrúar fyrir. Atkvæðavægi endurskoðast í byrjun hvers árs miðað við íbúatölu aðildarsveitarfélags hinn 1. desember árið á undan.

Þóknun til stjórnar skal taka mið af þóknunum eins og þær eru ákveðnar í nefndum Reykjavíkurborgar.

Endurskoðun reikninga byggðasamlagsins er í höndum löggilts endurskoðanda eða endurskoðendafirma sem stjórn byggðasamlagsins ræður.

5.gr.

Stjórnin heldur fundi svo oft sem þurfa þykir og að jafnaði eigi sjaldnar en á 2ja mánaða fresti. Heimilt er þó að fella niður fundi á sumarleyfistíma. Aukafundi skal halda eftir þörfum og er skylt að halda fund, ef þrír stjórnarmenn óska eftir því.

Formaður stjórnar boðar til funda og stýrir þeim.

Stjórnin samþykkir fjárhags- og starfsáætlanir fyrir næsta ár eigi síðar en í október ár hvert. Hún hefur eftirlit með því að framkvæmd sé í samræmi við markaða stefnu. Stjórn samþykkir alla meiriháttar samninga sem gerðir eru og ekki teljast til daglegrar stjórnunar framkvæmdastjóra.

Samþykki $\frac{3}{4}$ hluta atkvæðavægis í stjórn, þó aldrei færri en þriggja sveitarfélaga, þarf til þess að ákvarðanir stjórnar um gjaldskrár, fjárfestingar, ólögbundin útgjöld og meiri háttar skuldbindingar öðlist gildi. Um slík mál skal fjallað á tveimur fundum stjórnar með a.m.k. tveggja vikna millibili, óski einn eða fleiri stjórnarmenn þess.

Fundargerðir stjórnarfunda skulu sendar aðildarsveitarfélögum sem og fjárhagsáætlun, 3ja ára fjárhagsáætlun og ársreikningur.

6.gr.

Ársfund, sem sveitarstjórnarmönnum í aðildarsveitarfélögunum er boðið til, skal halda fyrir lok október ár hvert. Á fundinum skal gera grein fyrir fjárhagsáætlun næsta árs og öðrum málum sem stjórn byggðasamlagsins ákveður.

7.gr.

Hlutverk stjórnar byggðasamlagsins er:

- 1) Að ráða framkvæmdastjóra og ákveða ráðningarkjör hans, ákvarða starfsskipulag, setja erindisbréf, veita prókúruumboð og skera úr um ágreining, sem upp kann að koma.
- 2) Að hafa stöðugt og ítarlegt eftirlit með öllum rekstri byggðasamlagsins, sjá um að fylgt sé lögum og reglugerðum, sem starfsemin heyrir undir og sjá um að gerðar séu áætlanir um rekstur félagsins til skemmri og lengri tíma. Sérstaklega skal stjórnin gæta þess að nægilegt eftirlit sé með bókhaldi og fjármunamedferð og hún skal gera tillögur til eigenda um þau framtíðarmarkmið, sem stefnt er að á hverjum tíma.
- 3) Að koma fram fyrir félagsins hönd gagnvart dómstólum og stjórnvöldum.
- 4) Að gera tillögur til eigenda um breytingar á framlagsfé.
- 5) Að ákveða gjaldskrá fyrir þjónustu byggðasamlagsins.
- 6) Að taka ákvörðun um stofnun hlutafélaga til þess að sinna [ákveðnum](#) verkefnum.

8.gr.

Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur byggðasamlagsins og skal í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum, sem stjórnin hefur gefið. Hann skal einnig gefa stjórn og endurskoðendum allar þær upplýsingar um reksturinn, sem þeir kunna að óska eftir. Hinn daglegi rekstur tekur ekki til ráðstafana, sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar. Slíkar ráðstafanir getur framkvæmdastjóri aðeins gert skv. sérstakri heimild frá stjórn, nema ekki sé unnt að bíða ákvarðana stjórnar án verulegs óhagræðis fyrir starfsemina. Í slíkum tilvikum skal stjórn tafarlaust tilkynnt um ráðstöfunina.

Framkvæmdastjóri skal sjá um að bókhald og fjárreiður séu í samræmi við lög og viðurkenndar venjur og að meðferð eigna félagsins séu með tryggilegum hætti. Framkvæmdastjóri ræður aðra starfsmenn félagsins, en hafa skal hann samráð við stjórnina um ráðningu starfsmanna í stjórnunarstörf. Hann segir og upp starfsmönnum og fjallar um launamál þeirra en kjör skulu fara eftir almennum kjarasamningum.

IV. FJÁRMÁL OG REKSTUR.

9.gr.

Tekjur byggðasamlagsins eru sem hér segir:

- 1) Gjald fyrir innvegið sorphirðu, sem tekið er við frá sorphirðu viðkomandi sveitarfélags og einkaaðilum. Gjaldið er ákveðið í gjaldskrá, sem stjórn félagsins setur sbr. 7. gr. Innifalið í gjaldskrá skal vera breytilegur kostnaður, þar með talinn þróunar- og kynningarkostnaður, kostnaður sem fellur til vegna ákvæða laga og reglugerða um starfsemina, fjármögnunarkostnaður, afskriftir af búnaði og fasteignum og ábyrgðargjald og arðgreiðslur til eigenda stofnfjár.
- 2) Söluverð efna úr sorpi til endurvinnslu, svo og orku sem unnin er úr sorpi eftir því sem hagkvæmt þykir.
- 3) Gjald fyrir móttöku og eyðingu hættulegra úrgangsefna.
- 4) Arður af starfsemi hlutafélaga sem byggðasamlagið er eigandi að.
- 5) Aðrar tekjur vegna útseldrar þjónustu.

10.gr.

Félagið getur leyst verkefni sín með eigin starfslíði eða með samningum við sjálfstæða verktaka. Skal félagið bjóða út verkefni eftir því sem unnt er.

Félaginu er einnig heimilt að ganga til samstarfs við aðra aðila um einskaka þætti starfseminnar.

Stjórn félagsins er heimilt að setja á stofn hlutafélög til þess að sinna tilteknum verkefnum enda falli þau að tilgangi byggðasamlagsins. Heimilt er stjórninni að leita samstarfs við aðra aðila um stofnun slíkra félaga.

11.gr.

Sveitarfélög þau, sem aðild eiga að byggðasamlaginu bera "in solidum" einfalda ábyrgð á fjárhagsskuldbindingum þess gagnvart kröfuhöfum. Innbyrðis skiptist ábyrgðin í hlutfalli við íbúafjölda, þegar uppgjör fer fram.


V. ENDURSKOÐUN STOFNSAMNINGS OG SLIT FÉLAGSINS.


12.gr.


Samning þennan skal endurskoða á a.m.k. 10 ára fresti með hliðsjón af reynslu af framkvæmd hans og breyttum aðstæðum. Til þess að breytingar á samningum öðlist gildi, þurfa 2/3 sveitarstjórna aðildarsveitarfélaganna að samþykkja þær.


Gangi sveitarfélag úr byggðasamlaginu eða verði það lagt niður skulu um það gilda ákvæði 84. gr og 85 gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45 / 1998.


Endurskoðað og endurútféið í maí 2007 með gildistíma frá 1. janúar 2007.



f.h. Reykjavíkurborgar
Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson


f.h. Hafnarfjarðar
Lúðvík Geirsson


f.h. Garðabæjar
Gunnar Einarsson


f.h. Bessastaðahrepps
Sigurður Magnússon


f.h. Kópavogs
Gunnar I. Birgisson


f.h. Seltjarnarness
Jónmundur Guðmarsson


f.h. Mosfellsbæjar
Ragnheiður Ríkharðsdóttir